

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

4. úthlutun í apríl 2013

1. Akraneskaupstaður – Breiðin á Akranesi

3.400.000 kr. styrkur til deiliskipulags, landslagshönnunar og framkvæmda við Breiðina á Akranesi með áherslu á heildarmynd svæðisins. Markmið styrkveitingar er að bæta ásýnd og aðkomu að svæðinu, auka fjölbreytni í afþreyingu og stuðla að faglegri uppbyggingu ferðaþjónustu á Akranesi.

2. Akraneskaupstaður – Útivistarperlan Langisandur á Akranesi

2.000.000 kr. styrkur til deiliskipulags og landslagshönnunar fyrir Langasand á Akranesi með áherslu á heildarmynd svæðisins. Markmið styrkveitingar er að draga fram gæði svæðisins og sérstöðu, auka fjölbreytni í afþreyingu og stuðla að faglegri uppbyggingu fyrir útivist og ferðaþjónustu. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

3. Akureyrarkaupstaður – Krossanesborgir fólkvangur. Merkingar og stígagerð

2.200.000 kr. styrkur er til framkvæmda við göngustíga og merkingar samkvæmt samþykktu deiliskipulagi. Markmið styrkveitingar er að byggja upp innviði fyrir fuglaskoðun og náttúrutengda ferðaþjónustu á Norðurlandi. Styrkurinn er liður í að fjölga áfangastöðum ferðamanna og auka fjölbreytni í afþreyingu í nágrenni Akureyrar. Styrkurinn fellur einnig að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

4. Akureyrarstofa – Kennileiti fyrir heimskautsbauginn í Grímsey

2.236.450 kr. styrkur fyrir hugmyndasamkeppni um kennileiti fyrir heimskautsbauginn í Grímsey. Markmið styrkveitingar er að draga fram sérstöðu Grímseyjar og legu eyjarinnar á heimskautsbaugnum. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

5. Almenna verkfræðistofan – Hólaskjól við Skaftá

1.500.000 kr. styrkur til hönnunar og framkvæmda í Hólaskjóli við Skaftá samkvæmt samþykktu deiliskipulagi og framkvæmdaáætlun. Markmið styrkveitingar er að hanna og byggja upp göngustíga, brýr og hreinlætisaðstöðu á staðnum. Styrkurinn er liður í að byggja upp náttúrutengda ferðaþjónustu á svæðinu og stuðla að lengingu ferðamannatímans.

6. Arkitektar Hjördís og Dennis ehf. – Vistvænir fjallaskálar í Ríki Vatnajökuls

1.800.000 kr. styrkur til hönnunar á vistvænum fjallaskála í landi Hoffells í Hornafirði. Markmið styrkveitingar er að stuðla að nýbreytni í hönnun fjallaskála hvað varðar sjálfbærni og visthæfi. Þeir verði hannaðir með hámarks endingu og lágmarks viðhald í huga, sjálfbærir um orku, vatn og frárennsli, byggðir að mestu úr innlendu hráefni og falli vel að umhverfi sínu. Styrkurinn er liður í uppbyggingu á Jöklaleiðinni meðfram suðurjaðri Vatnajökuls og fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

7. Borgarbyggð – Sögubærinn Borgarnes

5.000.000 kr. styrkur til framkvæmda við útsýnis- og sögustíg í gamla miðbænum í Borgarnesi. Markmið styrkveitingar er að byggja upp áhugaverða gönguleið meðfram ströndinni í Borgarnesi sem tengir saman helstu útsýnis- og sögustaði í þorpinu. Styrkurinn er liður í að byggja upp náttúru- og

sögutengda ferðaþjónustu í Borgarbyggð og efla Borgarnes sem heilsárs ferðamannastað. Styrkurinn fellur einnig að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

8. Bókmenntaborg UNESCO – Menningarmerkingar í miðborg

1.420.000 kr. styrkur til uppsetningar fræðsluskilta og merkinga í miðborg Reykjavíkur. Markmið styrkveitingar er að skapa og setja upp þétttriðið net fræðsluskilta og merkinga sem tengja saman menningu, sögu, listir og bókmenntir þjóðarinnar í eina samstæða heild í miðborg Reykjavíkur

9. Dalabyggð – Áfangastaðir í Dalabyggð

1.500.000 kr. styrkur til deiliskipulags- og landslagshönnunar á umhverfi Leifsbúðar í Búðardal með áherslu á heildarmynd svæðisins. Markmið styrkveitingar er að laða fram lausnir í gamla hluta Búðardals í kringum Leifsbúð, og meðfram ströndinni frá Leifsbúð í átt að Laxárósi, sem undirstrika sérstöðu svæðisins, söguupplifun og staðaranda. Styrkurinn er liður í að byggja upp náttúru- og sögutengda ferðaþjónustu í Dalabyggð og efla Búðardal sem heilsárs ferðamannastað. Styrkurinn, sem er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu, fellur einnig að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

10. Eyjafjarðarsveit – Merking og stikun gönguleiða í Eyjafjarðarsveit

1.250.000 kr. styrkur til framkvæmda við merkingu og stikun gönguleiða í Eyjafjarðarsveit. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu innviða fyrir náttúrutengda ferðaþjónustu í Eyjafjarðarsveit og bæta tengsl við aðrar byggðir á Tröllaskaga. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

11. Fannborg – Siturlögn við fráveitukerfi í Kerlingarfjöllum

1.111.320 kr. styrkur til lagningar siturlagnar við fráveitukerfi Fannborgar í Kerlingarfjöllum. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu fráveitukerfis í Kerlingarfjöllum til að mæta fjölgun ferðamanna á svæðinu en salernisaðstaða er aðgengileg öllum gestum Kerlingarfjalla án endurgjalds. Styrkurinn er liður í uppbyggingu innviða fyrir náttúrutengda ferðaþjónustu á hálendi Íslands.

12. Fannborg – Vatnslögn Kerlingarfjöllum

1.374.750 kr. styrkur til endurbóta á ferskvatnsveitu í Ásgarði í Kerlingarfjöllum. Markmið styrkveitingar er að tryggja nægt neysluvatn í Kerlingarfjöllum til að mæta fjölgun ferðamanna á svæðinu en nægt neysluvatn er forsenda fyrir ferðaþjónustu í Kerlingarfjöllum. Styrkurinn er liður í uppbyggingu innviða fyrir náttúrutengda ferðaþjónustu á hálendi Íslands.

13. Ferðafélagið Útivist – Salernisaðstaða við Strútslaug. Deiliskipulag

1.000.000 kr. styrkur til skipulags- og hönnunurvinnu vegna salernishúss við Strútslaug. Markmið styrkveitingar er að tryggja uppbyggingu nauðsynlegra innviða á svæðinu og draga úr hættu á umhverfismengun og sýkingarhættu. Styrkurinn er liður í uppbyggingu innviða fyrir náttúruferðamennsku á hálendi Íslands.

14. Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri – Bættar merkingar á Víknaslóðum

500.000 kr. styrkur til gagnaöflunar, hönnunar og smíði fræðslu- og viðvörunarskilta á Víknaslóðum í Borgarfirði eystra. Markmið styrkveitingar er að auka öryggi, aðgengi og upplýsingagjöf. Styrkurinn

er liður í uppbyggingu EDEN gæðaáfangastaða ferðamanna og fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

15. Félag áhugamanna um Víkingaverkefni – Hátíðar- og útivistarsvæði á Þingeyrarodda

1.114.253 kr. styrkur til nauðsynlegs viðhalds á núverandi mannvirkjum og til að ljúka uppbyggingu náðhúss á svæðinu. Markmiðið er að viðhalda og efla hátíðar- og útivistarsvæðið á Þingeyrarodda og styðja við uppbyggingu á sögutengdri ferðaþjónusutu á Vestfjörðum. Styrkurinn er liður í uppbyggingu EDEN gæðaáfangastaða ferðamanna.

16. Félag Látramanna – Bryggjusríði á Látrum í Aðalvík

755.000 kr. styrkur til lokafrágangs við bryggjusríði á Látrum í Aðalvík. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi og öryggi ferðamanna sem heimsækja Aðalvík í Hornstrandafriðlandi. Styrkurinn er liður í uppbyggingu innviða fyrir náttúru- og sögutengda ferðaþjónustu á Vestfjörðum.

17. Félag um Dalbæ – Dalbær á Snæfjallaströnd

1.500.000 kr. styrkur til framkvæmda við endurbætur á Félagsheimilinu Dalbæ á Snæfjallaströnd. Markmið styrkveitingar er að tryggja öryggi og aðbúnað ferðamanna við norðanvert Djúp en Dalbær er upphafsstaður og gríðland flestra gönguhópa sem fara yfir í friðland Jökulfjarða og á Drangajökul. Styrkurinn er liður í uppbyggingu innviða fyrir náttúru- og sögutengda ferðaþjónustu á Vestfjörðum.

18. Félag um listasafn Samúels – Hús Samúels í Selárdal

2.000.000 kr. styrkur til framkvæmda við smíði og flutning á húsi Samúels í Selárdal. Markmið styrkveitingar er að vernda sögu- og menningarminjar í Selárdal og styðja við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

19. Fjarðabyggð – Helgustaðanáma við Reyðarfjörð

10.000.000 kr. styrkur til framkvæmda við Helgustaðanámu í Reyðarfirði á grundvelli samþykks deiliskipulags og verkáætlunar. Markmið styrkveitingar er að vernda náttúru og jarðminjar, bæta aðgengi og öryggismál á svæðinu og byggja upp salernisaðstöðu og betri þjónustu við ferðamenn. Styrkurinn er liður í uppbyggingu á náttúru- og sögutengdri ferðaþjónustu á Austurlandi.

20. Fljótsdalshérað – Stóruð. Hönnun og skipulag víðernis

5.000.000 kr. styrkur til samkeppni um hönnun og skipulag fyrir Dyrfjallasvæðið og Stóruð. Markmið styrkveitingar er að vernda náttúru og jarðminjar, tryggja aðgengi og öryggi ferðamanna og bæta innviði og þjónustu á svæðinu. Með samkeppninni verður leitast við að laða fram lausnir með vistvænu skipulagi og hönnun sem undirstrika sérstöðu svæðisins og staðaranda, að mannvirki og útigögn verði aðlaðandi, falli vel að landslagi og bæti ásýnd, yfirbragð og innviði svæðisins. Styrkveitingin er liður í undirbúningi undir fyrirhugaðan náttúrugarð á svæðinu.

21. Fræðafélag um forystufé – Upplýsingapallur í Þistilfirði

1.400.000 kr. Styrkur til hönnunar og framkvæmda við útsýnispall og upplýsingaskilti um Þistilfjörð. Markmið styrkveitingar er að byggja upp miðstöð ferðamanna í Þistilfirði, nálgast upplýsingar um Þistilfjörð og horfa yfir sveitina.

22. Gásakaupstaður – Gásir við Eyjafjörð

6.850.000 kr. styrkur til deiliskipulags og landslagshönnunar fyrir hinn forna verslunarstað Gása við Eyjafjörð. Markmið styrkveitingar er að skapa raunsæja umgjörð um þennan forna verslunarstað við Eyjafjörð, bæta aðkomu að svæðinu og ýta undir miðaldaupplifun ferðamanna sem þangað koma. Styrkurinn er til undirbúnings framkvæmda sem styðja við uppbyggingu á sögutengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi.

23. Grettistak ses. – Grettisból á Laugarbakka. Skipulag og hönnun

2.000.000 kr. styrkur til deiliskipulags og landslagshönnunar á lóð Grettisbóls á Laugarbakka. Markmið styrkveitingar er að bæta ásýnd og aðkomu að svæðinu, og auka fjölbreytni í afþreyingu, með áherslu á Grettissögu. Styrkurinn, sem er til undirbúnings undir framkvæmdir, er liður í að styðja við uppbyggingu á sögutengdri ferðaþjónustu í Húnaþingi vestra.

24. Grindavíkurbær – Selatangar í Grindavík. Skipulag og hönnun

750.000 kr. styrkur til deiliskipulags og landslagshönnunar fyrir hina fornu verstöð Selatanga í Grindavík. Markmið styrkveitingar er að draga fram gæði svæðisins með góðu skipulagi og hönnun sem miðar að því að vernda og viðhalda náttúru- og söguminjum, bæta aðgengi og umhverfi staðarins og auka öryggi og upplifun ferðamanna. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

25. Highland Hostel ehf. – Göngugátt að hálandi Austurlands

4.481.143 kr. styrkur til hönnunar og smíði á kláfferju yfir Jökulsá í Fljótsdal og til stikunar og merkinga á þekktri gönguleið. Markmið styrkveitingar er að tryggja öryggi ferðamanna og byggja upp innviði fyrir sögu- og náttúrutengda ferðamennsku á Austurlandi. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

26. HS Veitur hf. – Að virkja óvininn. Vestmannaeyjum

2.000.000 kr. styrkur til hönnunar og smíði á fræðsluskiltum um hraunhitaveituna í Gufugili í Vestmannaeyjum. Markmið styrkveitingar er að vernda og viðhalda sögulegu mannvirki sem ekki á sér hliðstæðu annarsstaðar í heiminum og auka upplýsingagjöf til ferðamanna. Styrkurinn er liður í uppbyggingu á náttúru- og sögutengdri ferðaþjónustu í Vestmannaeyjum.

27. Hvalfjarðarsveit – Stefnumótun og skipulag í Botnsdal í Hvalfjarðarsveit

2.000.000 kr. styrkur til deiliskipulags og landslagshönnunar í Botnsdal í Hvalfjarðarsveit með áherslu á heildarmynd svæðisins. Markmið styrkveitingar er að draga fram gæði svæðisins með góðu skipulagi og hönnun sem miðar að því að bæta aðgengi, ástand og umhverfi staðarins og auka öryggi og upplifun ferðamanna. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

28. Kötluasetur ses. – DC-3 á Sólheimasandi

1.400.000 kr. styrkur til umhverfisbóta og merkinga við flugvélaflak á Sólheimasandi. Markmið styrkveitingar er að fjölga áfangastöðum ferðamanna á Suðurlandi, bæta aðgengi, ásýnd og umhverfi svæðisins og tryggja öryggi ferðamanna með bættum merkingum. Styrkurinn er liður í uppbyggingu áfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

29. Kötlusetur ses. – Reynisfjara

2.700.000 kr. styrkur til framkvæmda í Reynisfjöru á grundvelli samþykkt deiliskipulags. Markmið styrkveitingar er að vernda náttúru, bæta aðgengi, ásýnd og umhverfi staðarins og tryggja öryggi ferðamanna með bættum merkingum. Styrkurinn er liður í uppbyggingu áfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

30. Landvernd – Skiltagerð á háhitasvæðum

1.160.000 kr. styrkur til hönnunar og smíði fræðsluskilta fyrir Vonarskarð, Kerlingarfjöll og Kverkfjöll. Markmið styrkveitingar er að bæta öryggi og upplifun ferðamanna á viðkomandi svæðum, efla fræðslu og stuðla að verndun háhitasvæða á Íslandi.

31. Langanesbyggð – Skoruvíkurbjarg. Bætt aðgengi að Stóra-Karli

8.250.000 kr. styrkur til framkvæmda við útsýnispall við Skoruvíkurbjarg á Langanesi. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi, öryggi og upplifun ferðamanna við Skoruvíkurbjarg og byggja upp innviði til fuglaskoðunar. Styrkurinn er liður í uppbyggingu á náttúru- og sögutengdri ferðaþjónustu á Langanesi.

32. Lionsklúbbur Stykkishólms – Fræðsluskilti í og við Stykkishólm

500.000 kr. styrkur til hönnunar og uppsetningar fræðsluskilta við gönguleiðir í Stykkishólmi. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu sögu- og náttúruferðamennsku á Snæfellsnesi. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið og er liður í uppbyggingu EDEN gæðaáfangastaða ferðamanna.

33. Minjastofnun Íslands – Surtshellir. Frumhönnun til verndunar minja

1.300.000 kr. styrkur til hönnunar á gangleið í gegnum Surtshelli með áherslu á verndun minja. Markmið styrkveitingar er að vernda merkar jarð- og söguminjar í Surtshelli fyrir vaxandi ágangi en á sama tíma byggja upp áhugaverða leið fyrir ferðamenn að fylgja í gegnum hellinn þar sem áhersla er á fræðslu og upplifun.

34. Minjavörður Suðurlands – Vígðulaug við Laugarvatn

4.000.000 kr. styrkur til hönnunar og framkvæmda við Vígðulaug við Laugarvatn. Markmið styrkveitingar er að hanna og byggja upp nærumhverfi Vígðulaugar, vernda náttúru- og söguminjar, bæta ásýnd og yfirbragð svæðisins og aðgengi að lauginni, þannig að ferðamenn geti upplifað sögu staðarins, fegurð og staðaranda.

35. Norðurhjarí ferðaþjónustuklasi – Áfangastaðir á starfssvæði Norðurhjara

3.107.500 kr. styrkur til skipulags, hönnunar og framkvæmda við Skjálftavatn í Kelduhverfi. Markmið styrkveitingar er að bæta aðkomu, ásýnd og yfirbragð svæðisins, efla upplýsingagjöf og merkingar og þjónustu við ferðamenn. Styrkurinn er liður í áformum um að hanna og byggja upp 12 gæða áfangastaði ferðamanna á starfssvæði Norðurhjara frá Kelduhverfi að Bakkafirði.

36. Norðurþing – Raufarhöfn. Áfangastaður ferðamanna allt árið

25.000.000 kr. styrkur til framkvæmda við uppbyggingu Heimskautagerðisins við Raufarhöfn. Markmið styrkveitingar er að byggja upp aðráttarafyl fyrir Raufarhöfn og Melrakkaslétu sem dragi ferðamenn á svæðið allt árið.

37. Ósafell ehf. – Stefnumót við Vatnsnes. Lokafrágangur og merkingar

2.162.090 kr. styrkur til lokafrágangs umhverfis nýrishið þjónustuhús í landi Ósa við Hvítserk. Markmið styrkveitingar er að tryggja að góða ásýnd og aðkomu að svæðinu og sjá til þess að umhverfi þjónustuhússins verði til fyrirmyndar og af sömu gæðum og húsið sjálft.

38. Ósafell ehf. og Húnaþing vestra – Hvítserkur. Heildarmynd og umhverfisskipulag

547.494 kr. styrkur til að vinna skipulag og landslagshönnun fyrir áningastað við Hvítserk með áherslu á heildarmynd svæðisins. Markmið styrkveitingar er til að bæta ásýnd og yfirbragð staðarins, upplýsingagjöf og öryggi ferðamanna, aðgengi fyrir alla og náttúruvernd. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

39. Penna ehf. – Hellulaug við Flókalund í Vatnsfirði

1.600.000 kr. styrkur til framkvæmda við Hellulaug í Vatnsfirði skv. samþykktri verkáætlun. Markmið styrkveitingar er að bæta aðstöðu fyrir ferðafólk við Hellulaug, vekja athygli á baðmenningu Vestfjarða og lengja dvalartíma ferðafólks á svæðinu. Styrkurinn er liður í uppbyggingu EDEN gæðaáfangastaða ferðamanna á vegum Vatnavina Vestfjarða.

40. Potemkin ehf. – Gvendarlaug-Klúka. Vatnavinir Vestfjarða

2.000.000 kr. styrkur til hönnunarvinnu og framkvæmda við Gvendarlaug og Klúku í Bjarnarfirði. Markmið styrkveitingar er að bæta ásýnd og umhverfi staðarins og byggja upp betri aðstöðu fyrir ferðaþjónustu í Bjarnarfirði. Styrkurinn er liður í uppbyggingu EDEN gæðaáfangastaða ferðamanna.

41. Rangárþing eystra – Gönguleiðin yfir Fimmvörðuháls

1.300.000 kr. styrkur er veittur til viðhalds og uppbyggingar stofngönguleiðar yfir Fimmvörðuháls milli Þórsmörk og Skógafoss. Markmið styrkveitingar er að bæta ástand stíga og merkinga í Þórsmörk og Goðalandi, vernda viðkvæma náttúru svæðisins og tryggja öryggi ferðamanna. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

42. Rangárþing eystra – Þórsmerkursvæðið. Deiliskipulag

3.500.000 kr. styrkur til deiliskipulagsvinnu og landslagshönnunar á helstu áningarstöðum í Þórsmörk og Goðaland með áherslu á heildarmynd svæðisins. Markmið styrkveitingar er að bæta ásýnd og aðkomu að svæðinu, vernda náttúru- og menningarminjar, bæta innviði fyrir ferðaþjónustu, tryggja öryggi ferðamanna og stuðla að lengingu ferðamannatímans. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir og er liður í uppbyggingu gæðaáfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

43. Rangárþing eystra – Bætt aðgengi að áhugaverðum stöðum í Rangárþingi eystra

4.800.000 kr. styrkur til skipulags- og hönnunarvinnu og framkvæmda á völdum áfangastöðum ferðamanna í Rangárþingi eystra. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi og uppbyggingu innviða á áfangastöðum ferðamanna í Rangárþingi eystra/ Kötlu jarðvangi og efla öryggi ferðamanna á svæðinu. Styrkurinn er liður í uppbyggingu gæðaáfangastaða ferðamanna innan Kötlu jarðvangs.

44. Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins – Gerð göngustíga í Esjuhlíðum ofan Mógilsár

1.810.000 kr. styrkur er veittur til hönnunar og framkvæmda við göngustíga í Esjuhlíðum. Markmiðið er að bæta upplifun og öryggi ferðamanna á gönguleiðinni upp á topp Esjunnar, bæta merkingar og auka gæði og fjölbreytni í leiðavali í Esjuhlíðum.

45. Sandgerðisbær – Ferðamannavegur á Rosmhvalanesi

1.500.000 kr. styrkur til hönnunar og merkinga sögufrægra staða við ferðamannaveg á Rosmhvalanesi í Sandgerðisbæ. Markmið styrkveitingar er að vernda sögu- og menningarminjar á Rosmhvalanesi og efla afþreyingu, fræðslu og upplifun ferðamanna sem um svæðið fara. Styrkurinn er liður í að fjölga afþreyingarmöguleikum og áfangastöðum ferðamanna á Suðurnesjum.

46. Síldarminjasafn Íslands ses. – Fegrin umhverfis og bætt aðgengi að Síldarminjasafninu

1.000.000 kr. styrkur til að bæta lýsingu og ljúka frágangi á lóð Síldarminjasafnsins á Siglufirði. Markmið styrkveitingar er að bæta ásýnd staðarins, öryggi ferðamanna og aðgengi fyrir alla. Styrkurinn er liður í að efla Siglufjörð sem heilsárs áfangastað ferðamanna.

47. Sjóráningjahúsið – Útisvæði við Sjóráningjahúsið - 2. áfangi

630.000 kr. styrkur til framkvæmda við útisvæði Sjóráningjahússins á Patreksfirði. Markmið styrkveitingar er fegra umhverfi Sjóráningjahússins, útbúa útiskólastofu og leiksvæði fyrir börn og gera svæðið áhugavert og aðlaðandi fyrir gesti. Útisvæðið verður öllum opið.

48. Skálanessetur ehf. – Skálanes, lagfæring gönguleiðar

800.000 kr. styrkur til lagfæringar á gönguleið við Skálanes í Seyðisfirði. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu náttúrutengdar ferðaþjónustu í Seyðisfirði og bæta aðgengi fyrir alla á svæðinu. Styrkurinn fellur jafnframt að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

49. Skógræktarfélag Íslands – Opinn skógur að Skógum undir Eyjafjöllum

2.000.000 kr. styrkur til framkvæmda við að byggja upp fræðslustíg í gamla skóginum að Skógum. Markmið styrkveitingar er að opna skóginn til útivistar og náttúruupplifunar og stuðla að fjölbreyttari afþreyingu fyrir ferðamenn á Skógum.

50. Skútusiglingar ehf. – Salernisaðstaða á Kvíum í Jökulfjörðum

382.000 kr. styrkur til smíði og uppsetningar salernisaðstöðu við eyðibýlið Kvíar í Jökulfjörðum. Markmið styrkveitingar er að byggja upp salernisaðstöðu á Kvíum í Jökulfjörðum og til að viðhalda menningarminjum með endurgerð gamals húss á staðnum. Styrkurinn er liður í uppbyggingu innviða fyrir náttúrutengda ferðaþjónustu á Hornströndum.

51. Snorrastofa – Umhverfi og útiminjar í Reykholti, Borgarfirði

13.000.000 kr. styrkur til landslagshönnunar, merkinga og framkvæmda umhverfis Snorrastofu og fornminjasvæðið í Reykholti. Markmið styrkveitingar er að skapa heildarumgjörð um minjasvæðið og Reykholtstað, bæta ásýnd staðarins og aðstöðu fyrir ferðamenn. Styrkurinn er til uppbyggingar á sögutengdri ferðaþjónustu á Vesturlandi og liður í að efla Reykholt sem heilsárs ferðamannastað.

52. Snæfellsbær – Bjarnarfoss í Staðarsveit. Skipulag og hönnun áningarstaðar

450.000 kr. styrkur til deiliskipulagsvinnu og landslagshönnunar við Bjarnarfoss á Snæfellsnesi. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi að Bjarnarfossi og aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu í sátt við umhverfi staðarins. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

53. Snæfellsbær – Áningarstaður við Rif.

13.299.000 kr. styrkur til framkvæmda við nýjan áningarstað ferðamanna við Rif á Snæfellsnesi. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu innviða fyrir fuglaskoðun og náttúrutengda ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Styrkurinn, sem er til framkvæmda við áningastað sem tengist útivistarstíg milli Rifs og Ólafsvíkur, fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

54. Snæfellsbær – Strandupplifun og sjóböð

1.000.000 kr. styrkur til hönnunar og smíði á stiga til að bæta sjósundaðstöðuna í Ólafsvík. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi að ströndinni í Ólafsvík og byggja upp fjölbreyttari afþreyingu fyrir ferðamenn á Snæfellsnesi.

55. Snæfellsbær – Útivistarstígur milli Rifs og Ólafsvíkur

25.000.000 kr. styrkur til framkvæmda við lagningu útivistarstígs á milli Rifs og Ólafsvíkur í Snæfellsbæ. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu innviða fyrir náttúrutengda ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

56. Sólrún Þorsteinsdóttir – Upplýsingavarða um byggðina að Látrum og á Straumnesfjalli

950.000 kr. styrkur til hönnunar og smíði á fræðsluskilti og vörðum að Látrum og á Straumnesfjalli á Hornströndum. Markmið styrkveitingar er að bæta upplýsingagjöf til ferðamanna um sögu byggðarinnar á Látrum og herstöðvarinnar á Straumnesfjalli.

57. Sveitarfélagið Árborg – Endurbygging Þuríðarbúðar, Stokkseyri

1.175.000 kr. styrkur til viðhalds og lagfæringa á 19. aldar verbúð, Þuríðarbúð á Stokkseyri. Markmið styrkveitingar er að vernda og viðhalda merkjum menningarminjum á eftirsóttum ferðamannastað á Suðurlandi og miðla upplýsingum um horfna starfshætti í sjávarútvegi. Styrkurinn er liður í uppbyggingu á sögutengdri ferðaþjónustu á Suðurlandi.

58. Sveitarfélagið Árborg – Krían við Eyrarbakka. Umhverfishönnun og skipulag

1.150.000 kr. styrkur til deiliskipulagsvinnu og landslagshönnunar við listaverkið Kríuna á Eyrarbakka. Markmið styrkveitingar er að bæta ásýnd og aðkomu að svæðinu og aðgengi fyrir alla. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu og liður í uppbyggingu á s.k. Fjörustíg á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar.

59. Sveitarfélagið Árborg – Húsið á Eyrarbakka og Eyrarbakkakirkja. Skipulag og hönnun

3.150.000 kr. styrkur til deiliskipulagsvinnu og landslagshönnunar við Húsið á Eyrarbakka og Eyrarbakkakirkju. Markmið styrkveitingar er að bæta ásýnd og umhverfi staðarins og aðgengi fyrir alla, vernda merkar menningarminjar og auka þjónustu við gesti. Styrkurinn er liður í uppbyggingu á sögutengdri ferðaþjónustu á Suðurlandi.

60. Sveitarfélagið Garður – Söguslód. Garðskagi - Útskálar

7.000.000 kr. styrkur til uppbyggingar á söguslód, með aðgengi fyrir alla, meðfram ströndinni milli Garðskaga og Útskála. Markmið styrkveitingar er að tengja saman með hjólastólafærum stíg vinsæla áfangastaði ferðamanna á svæðinu og sögulegar minjar meðfram ströndinni. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

61. Sveitarfélagið Hornafjörður – Gamlabúið á Höfn. Endurnýjun

6.500.000 kr. styrkur til frágangs, að utan og innan, á elsta húsi Hafnar í Hornafirði sem nú hefur verið flutt aftur á sinn upphaflega stað við höfnina. Markmið styrkveitingar er að bæta aðgengi og þjónustu við ferðamenn á Höfn, viðhalda sögulegri byggingu og gera umhverfi hennar og hafnarinnar aðlaðandi fyrir ferðamenn. Styrkurinn er liður í að byggja Höfn í Hornafirði upp sem heilsárs áfangastað ferðamanna.

62. Sveitarfélagið Skagafjörður – Bæjarfjöllin í Skagafirði. Upplýsinga- og fræðsluskilti

1.025.200 kr. styrkur til uppsetningar fræðsluskilta við upphafsstaði gönguleiða á þekkt bæjarfjöll í Skagafirði. Markmið styrkveitingar er að fjölga áhugaverðum viðkomustöðum ferðamanna, hvetja til útivistar og bæta öryggi ferðamanna. Styrkurinn er liður í að byggja upp náttúrutengda ferðaþjónustu í Skagafirði.

63. Umhverfisstofnun og Landgræðslan – Dimmuborgir. Lagfæring stígs að Hallarflöt

1.200.000 kr. styrkur til að ljúka framkvæmdum við göngustíg að Hallarflöt í Dimmuborgum. Markmið styrkveitingar er að auðvelda aðgengi fyrir alla að Dimmuborgum, bæta öryggi gesta og styrkja svæðið sem heilsárs áfangastað ferðamanna.

64. Umhverfisstofnun og Landgræðslan – Dimmuborgir. Snjóbræðslukerfi í göngustíga

1.000.000 kr. styrkur til að ljúka framkvæmdum og tengingu snjóbræðslukerfis fyrir göngustíga í Dimmuborgum. Markmið styrkveitingar er að auðvelda aðgengi fyrir alla að Dimmuborgum, bæta öryggi gesta og styrkja svæðið sem heilsárs áfangastað ferðamanna.

65. Umhverfisstofnun – Innri Hesteyrarbrúnir

900.000 kr. styrkur til framkvæmda við endurhleðslu á varðaðri þjóðleið milli Hesteyrar og Kjarnarsvíkur á Hornströndum. Markmið styrkveitingar er að viðhalda sögulegri þjóðleið og auka öryggi ferðamanna á svæðinu.

66. Undirbúningsfélag fyrir Saga jarðvang – Ferðamannastaðir í uppsveitum Borgarfjarðar

1.265.000 kr. styrkur til kortlagningar, skipulags- og hönnunarvinnu fyrir ferðamannastaði í uppsveitum Borgarfjarðar. Markmið styrkveitingar er að bæta ásýnd og gæði valdra ferðamannastaða í uppsveitum Borgarfjarðar, vernda jarðminjar, bæta innviði og öryggi ferðamanna og undirbúa stofnun jarðvangs í héraðinu. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

67. Útgerðarminjasafnið á Grenivík – Hönnun umhverfis Útgerðarsafnsins

300.000 kr. styrkur til hönnunar á lóð og umhverfi Útgerðarsafnsins á Grenivík. Markmið styrkveitingar er að fegra umhverfi safnsins, bæta aðgengi fyrir alla og aðstöðu utandyra fyrir gesti safnsins.

68. Vatnajökulspjóðgarður – Gönguleiðir í Skaftafelli

3.000.000 kr. styrkur til viðhalds og endurbóta á gönguleiðum í Skaftafelli. Markmið styrkveitingar er að gera gönguleiðina að Skaftafellsjökli örugga, aðgengilega fyrir alla og opna allt árið.

69. Vestmannaeyjabær – Aðkoma og frágangur í Eldheimum / Pompei Norðursins

7.000.000 kr. Styrkur til lokafrágangs við aðkomu og umgjörð Eldheima. Markmið styrkveitingar er að bæta aðkomu, ásýnd og umhverfi Eldheima á 40 ára afmælisári eldgossins í Heimaey og efla Vestmannaeyjar enn frekar sem heilsárs ferðamannastað.

70. Vestmannaeyjabær – „Panorama“ gangstígur eftir Hamrinum í Vestmannaeyjum

6.000.000 kr. styrkur til hönnunar og framkvæmda við útsýnisgönguleið meðfram ströndinni og golfvellingum í Herjólfssdal í átt að Stórhöfða. Markmið styrkveitingar er að byggja upp varanlega gönguleið á miklum útsýnisstað sem liður í uppbyggingu náttúrutengdar ferðaþjónustu í Eyjum og efla Vestmannaeyjar enn frekar sem heilsárs ferðamannastað.

71. Viðey, Reykjavík. Móttaka og aðgengi ferðamanna

5.000.000 kr. styrkur til hönnunar og framkvæmda á grundvelli úttekta Aðgengis ehf. um aðgengismál í eyjunni. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu sögu- og náttúruferðamennsku á svæðinu og gera Viðey, og helstu mannvirki í eyjunni, aðgengileg fyrir alla, allan ársins hring, óháð skerðingu eða fötlun.

72. Vinir Þórsmörkur – Göngubrú yfir Markarfljót við Húsadal

30.000.000 kr. styrkur til framkvæmda við smíði göngubruar yfir Markarfljót við Húsadal á grundvelli vinningstillögu úr hönnunarsamkeppni. Markmið styrkveitingar er að byggja upp nýja aðkomu að Þórsmörk, bæta aðgengi og öryggi ferðamanna og efla Þórsmörk sem heilsárs áfangastað. Styrkurinn fellur að markmiðum um uppbyggingu á samræmdu kerfi göngu-, hjóla- og reiðleiða um landið.

73. Víkingaheimar – Aðkoman að Víkingaheimum

5.000.000 kr. styrkur til hönnunar og lokafrágangs á aðkomu og umhverfi Víkingaheima. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu sögutengdar ferðamennsku, fegra aðkomu og umhverfi staðarins, setja upp lýsingu við hæfi, bæta aðgengi fyrir alla og aðstöðu utandyra fyrir gesti safnsins.

74. Þingeyjarsveit – Endurbætur á umhverfi Goðafoss

5.000.000 kr. styrkur til deiliskipulags, landslagshönnunar og framkvæmda við Goðafoss. Markmið styrkveitingar er að endurskipuleggja og hanna svæðið í kringum Goðafoss með það að markmiði að bæta aðgengi, ástand og umhverfi staðarins, auka öryggi, bæta merkingar og stýra umferð ferðamanna um staðinn. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.

75. Þróunarfélag Snæfellinga – Helgafell á Snæfellsnesi. Umhverfishönnun og skipulag

1.795.000 kr. styrkur er veittur til deiliskipulags- og landslagshönnunar við Helgafell á Snæfellsnesi. Markmið styrkveitingar er að styðja við uppbyggingu sögu- og náttúruferðamennsku á Snæfellsnesi, bæta aðgengi, ástand og umhverfi staðarins, vernda náttúruna, auka öryggi, takmarka ágang og ónæði við íbúa og auðga upplifun gesta sem sækja Helgafell heim. Styrkurinn er til undirbúnings undir framkvæmdir á svæðinu.